

Samningur um rekstur Boðans

Þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara að Boðapingi 9 Kópavogi.

1. gr. Samningsaðilar og skilgreiningar

Hrafnista Boðapingi, kt. 480210-2040, Boðapingi 5-7 Kópavogi, (hér eftir nefndur rekstraraðili) annars vegar og Velferðarsvið Kópavogs fh. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759, sem eigandi Þjónustumiðstöðvarinnar hins vegar, (hér eftir nefndur Kópavogsbær), gera með sér eftirfarandi samning um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar Boðapingi 9, Kópavogi:

Skilgreiningar:

Þjónustumiðstöð: Er þjónustumiðstöð fyrir eldra fólk í Boðanum, Boðapingi 9, 203 Kópavogi, hvers þjónusta er veitt af rekstraraðila á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Eldra fólk: Einstaklingur sem náð hefur 60 ára aldri. Skyldur Kópavogsbæjar til greiðslu á lögbundinni þjónustu hvort sem er á grundvelli rekstrarsamnings þessa eða eftir öðrum heimildum miðast þó við 67 ára aldur og/eða þau viðmið sem lög og settar reglur áskilja og/eða skilgreina sem þann lágmarksaldur þar sem réttur til lögbundinnar þjónustu eða lögbundinna greiðslna stofnast.

2. gr. Markmið

2.1. Markmiðið með rekstrarsamningnum er að tryggja eldra fólk á svæðinu lögbundna og valkvæða þjónustu í anda Hrafnistu og Sjómannadagsráðs.

3. gr. Gildissvið og umfang

3.1. Rekstrarsamningur þessi tekur til starfsemi og þeirrar þjónustu sem tilgreind er í samningnum og veitt er af rekstraraðila í þjónustumiðstöð fyrir íbúa á svæðinu og íbúa í hjúkrunarrýmum rekstraraðila við Boðaping.

4. gr. Þjónusta

4.1. Rekstraraðili tekur að sér rekstur á þjónustumiðstöð með opnu félagsstarfi, rekstur á borðsal og rekstur móttökueldhúss. Rekstraraðili hefur umsjón með aðgangsstýringum í húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar.

4.2. Kópavogsbær mun áfram sjá um umsýslu á leiguplássi fyrir fótaaðgerðarstofu, hárgreiðslustofu og sundlaug.

Með félagsstarfi er átt við starfrækslu opins félagsstarfs fyrir eldri borgara. Um er að ræða starf sem skipulagt er og framkvæmt af rekstraraðila auk sjálfsprottins og sjálfbærs félagsstarfs þar sem þjónustuþegar geta haft áhrif á þróun starfsins og framkvæmd. Áhersla er á virkni eins og klúbbastarf, námskeið, ferðalög, spilastundir, skemmtanir og almenna samveru.

Íbúar hjúkrunarheimilisins í Boðarþingi og þjónustuþegar dagdvalar hafa aðgang að starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar og hluti af starfsemi hjúkrunarheimilisins og dagdvalar mun áfram fara fram í þjónustumiðstöðinni.

Miða skal við að þjónusta sé veitt alla virka daga (að frídögum undanskildum). Kjósi rekstraraðili að hafa opið um helgar er það honum frjálst og getur hann hagrætt í opnunartíma virka daga til að koma til móts við þann kostnaðarauka svo hann falli ekki á Kópavogsbæ. Kjósi Kópavogsbær að bæta við opnunartíma annarra þjónustumiðstöðva í sínum rekstri þá skulu aðilar ræða saman um aukið fjármagn til rekstraraðila.

4.3. Kostnaðarpátttaka Kópavogsbæjar til rekstraraðila vegna reksturs fer eftir ákvæðum 7. greinar.

4.4. Kópavogsbær sér um allt viðhald á húsnæði og endurnýjun á búnaði. Rekstraraðili mun þó endurnýja húsgögn í matsal sbr. viðauka við samkomulag um rekstur og starfsemi í þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar í Boðarþingi, dags. **október** 2024.

5. gr. Starfsfólk

5.1. Þeir aðilar sem rekstraraðili ræður til starfa til þess að fullnægja þjónustu á grundvelli rekstrarsamnings þessa verða starfsmenn rekstraraðila með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Starfsmenn rekstraraðila reka þjónustumiðstöðina og skulu starfa samkvæmt þeirri hugmyndafræði, lögum og reglugerðum sem starfsemin byggir á.

5.2. Rekstraraðili mun eftir því sem unnt er tryggja að starfsfólk er sinnir þeim verkefnum sem rekstraraðila eru fengin með samningi þessum, hafi til þess tilhlýðilega menntun, þjálfun og hæfni í mannlegum samskiptum.

5.3. Rekstraraðili skal fara að gildandi lögum og reglum um hollustu, vinnuvernd og aðbúnað á vinnustað.

5.4. Rekstraraðila ber að skrá kvartanir og skilgreina boðleiðir þeirra og meðferð sem lið í gæða- og umbótastarfi þjónustunnar.

6. gr. Réttindi þjónustuþega og trúnaður- og þagnaskylda

6.1. Rekstraraðili skal varðveita með tryggilegum hætti öll þau gögn er varða persónulega hagi væntanlegra þjónustuþega þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Rekstraraðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi. Rekstraraðila og starfsmönnum hans ber þannig að fara eftir ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 í störfum sínum svo og öðrum gildandi lagaákvæðum um trúnað og persónuvernd. Rekstraraðili skuldbindur sig til þess að láta starfsmenn sína undirrita þagnarskylduheit um hvaðeina sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og tengt er einkamálefnum notenda á grundvelli rekstrarsamnings þessa og upplýsa starfsmenn sína um gildi og mikilvægi þess að þagnarskylda og aðrar trúnaðarskyldur séu virtar gagnvart þjónustuþegum og Kópavogsbæ.

6.2. Þagnarskylda helst þó svo að rekstrarsamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn rekstraraðila láta af störfum.

7. gr. Kostnaðarpátttaka

7.1. Vegna rekstrarsamnings þessa tekur Kópavogsbær þátt í kostnaði sem ætlað er að standa undir þjónustu og kröfum rekstrarsamnings þessa, sbr. grein 4.

7.2. Framlag miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna og öllum starfstengdum kostnaði, t.d. launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar og hugsanlegum bótakröfum frá skjólstæðingum og/eða notendum þjónustu á grundvelli almennra skaðabótareglna. Rekstraraðili skuldbindur sig til að kaupa allar lögboðnar tryggingar vegna starfseminnar.

7.3. Þjónustuþegar greiða fyrir almennan hádegismat samkvæmt gildandi verðskrá Kópavogsbæjar hverju sinni. Rekstraraðila er þó heimilt að innheimta hærra gjald á stærri viðburðum. Önnur verðskrá er ákveðin af rekstraraðila.

7.4. Aðilar hafa komið sér saman um eftirfarandi kostnaðarskiptingu og greiðist kostnaðarpátttaka eftir því:

a) Launakostnaður. Áætluð kostnaðarpátttaka Kópavogsbæjar á ári er kr. 36.200.000 og tekur hún breytingum skv. kjarasamningum Eflingar við SFV og skal miða við breytingar á launaflokki 6.3. Næsta hækkun er áætluð 1.4.2025. Sjá einnig fylgiskjal 2.

b) Kostnaðarpátttaka Kópavogsbæjar vegna seldra matarskammta í hádeginu verður kr. 500 pr. skammt. Áætlaður fjöldi skammta á ári eru um 18.000. Áætluð kostnaðarpátttaka á ári er kr. 9.000.000. Magntölur í kostnaðarpátttöku eru reiknaðar með 10% álagi á fjölda seldra matarskammta vegna óvissu um magn. Kostnaðarpátttaka vegna matarskammta tekur breytingum skv. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar (grunnvísitala sept. 2024 (633,2). Forsendur fyrir kostnaðarpátttöku eru endurskoðaðar m.v. janúar ár hvert. Kópavogsbær tekur ekki þátt í fæðiskostnaði dagdvalar.

c) Annar rekstrarkostnaður. Áætluð kostnaðarpátttaka Kópavogsbæjar á ári er kr. 12.295.000 og tekur hún breytingum skv. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar 1. janúar ár hvert (fyrst 1.1.2025) og miðast við grunnvísitölu í september 2024 (633,2). Annar rekstrarkostnaður innifelur aðkeypta skemmtun og dægradvöl, fjarskipti, net- og tölvukostnað, ræstingu (án sundlaugar og kjallara, hárgreiðslu- og fótaaðgerðarstofu) og ræstivörur, sorphirðu, eftirlitsgjöld önnur en bruna- og lyftueftirlitsgjöld, rekstur öryggiskerfa.

Viðhald og endurbætur á húsnæði, rekstur á lyftum og brunavarnarkerfi, hiti, rafmagn, opinber gjöld, fasteignatryggingar, lóðaumhirða og snjómokstur er á vegum Kópavogsbæjar.

7.5. Starfsemi aðila á því starfssviði sem þjónustusamningur þessi tekur til er og hefur verið unnin á grundvelli þess að greiðslur fyrir þjónustuna standi undir þeim kostnaði sem veiting, öflun og aðstöðusköpun þjónustunnar myndar.

7.6. Ef Kópavogsbær óskar eftir frekari þjónustu þá verður gerður sérstakur viðauki um þá breytingu. Ef einhverjar forsendur breytast t.d. að Kópavogsbær auki þjónustu á öðrum félagsmiðstöðum umfram það sem er í þessum forsendum þá skulu aðilar taka upp hvernig það hefur áhrif til hækkunar á samningnum.

8.gr. Greiðslutilhögun

8.1. Greiðslur Kópavogsbæjar samkvæmt 7. gr. skulu vera með eftirfarandi hætti:

a) Launakostnaði og öðrum kostnaði er skipt í tólf jafnar greiðslur sem greiðast til rekstraraðila mánaðarlega fyrirfram með gjalddaga fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

b) Kostnaðarþátttaka vegna matarskammta í hádeginu: útreikningur skal sendur í byrjun hvers mánaðar dagsettur í lok mánaðar á undan þar sem fjöldi seldra matarskammta í hádeginu, auk álags er tilgreindur.

8.2. Samþykktir reikningar verða greiddir af Kópavogsbæ 20 dögum eftir að reikningar ásamt fullnægjandi fylgigögnum skv. 2. mgr. berast með rafrænni skeytamiðlun. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi.

8.3. Með öllum reikningum skv. b. lið 8.1. skulu fylgja nauðsynleg gögn svo unnt sé að staðreyna reikninga til samræmis við samning þennan.

8.4. Allir reikningar skulu sendir með rafrænni skeytamiðlun á XML formi.

9. gr. Eftirlit með framkvæmd rekstrarsamningsins

9.1. Kópavogsbær skal hafa eftirlit með gæðum veittrar þjónustu. Þá fer Gæða- og eftirlitsstofnun með eftirlit með gæðum þjónustu þjónustumiðstöðva skv. 3. mgr. 3. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

9.2. Aðilar rekstrarsamnings munu skipa samstarfsnefnd sem skal hafa það hlutverk að fylgjast með framkvæmd rekstrarsamnings þessa og leysa úr þeim vandamálum eða ágreiningsefnum sem upp kunna að koma. Nefnd þessi skal skipuð 2-3 fulltrúum frá hvorum aðila. Samstarfsnefndin skal hittast minnst einu sinni á ári eða oftar ef þörf krefur. Í lok hvers fundar nefndarinnar skal dagsetning næsta fundar ákveðin og eftir hvern fund er undirrituð fundargerð og verkefnalisti gefinn út. Kópavogsbær sér um að boða til funda. Við endurskoðun rekstrarsamningsins munu aðilar meta þörf á starfsemi samstarfsnefndar.

9.3. Rekstraraðili skilar samantekt um veitta þjónustu og rekstur undangengið ár fyrir lok febrúar ár hvert sem tekin er fyrir á samráðsfundi vormisseris.

10. gr. Upplýsingaskylda

10.1. Kópavogsbær getur óskað eftir gögnum frá rekstraraðila um hvernig þjónustu er háttað.

10.2. Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa Kópavogsbæ um leið og honum má vera orðið það ljóst, að hann geti ekki staðið við fjárhagslega eða faglega skilmála rekstrarsamnings þessa.

11. gr. Úrlausn ágreiningsefna

12.1. Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd rekstrarsamnings þessa skal honum vísað til samstarfsnefndar, sbr. ákvæði gr. 9.2 sem skera skal úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er. Ef annar hvor aðili óskar eftir fundi samstarfs nefndar skal halda boðaður fundur innan 2ja mánaða. Ef annar hvor aðila unir ekki niðurstöðu samstarfsnefndar er unnt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm Reykjaness.

13. gr. Vanefndir rekstraraðila

13.1. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega, er Kópavogsbæ heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna, nema brottfall þjónustu eða skerðing hennar er tilkomin vegna óviðráðanlegra aðstæðna (s.s. force majeure).

13.2. Hafi rekstraraðili ekki bætt úr vanefndum innan tímafrests í samræmi við kröfur Kópavogsbæjar hefur Kópavogsbær heimild til að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Rekstraraðili á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt ákvæði þessu.

13.3 Vanefni rekstraraðili rekstrarsamning þennan verulega er Kópavogsbæ heimilt að rifta honum að undangenginni áskorun til rekstraraðila þar sem honum er gefinn 60 daga frestur til að bæta úr vanefndum. Meðferð vanefndamála skulu tekin upp í samstarfsnefnd skv. grein 9.2.

13.4. Rekstraraðila ber að greiða Kópavogsbæ bætur fyrir það sannanlega tjón og óhagræði sem Kópavogsbær verður fyrir af völdum vanefnda rekstraraðila í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

14. gr. Vanefndir Kópavogsbæjar

14.1. Standi Kópavogsbær ekki í skilum með greiðslur samkvæmt rekstrarsamningi þessum á réttum gjalddögum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum samkvæmt rekstrarsamningnum, er rekstraraðila heimilt að rifta samningi þessum að undangenginni skriflegri áskorun til Kópavogsbæjar þar sem honum er gefinn 30 daga frestur til að bæta úr vanefndum. Þetta ákvæði girðir á engan hátt fyrir beitingu þeirra vanefndaúrræða sem rekstraraðili telur best henta hag sínum.

14.2. Kópavogsbæ ber að greiða rekstraraðila bætur fyrir það sannanlega tjón og óhagræði sem hann kann að verða fyrir af völdum vanefnda Kópavogsbæjar í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

15. gr. Gildistími og endurskoðun

15.1. Rekstrarsamningur þessi tekur gildi 1. nóvember 2024 og gildir í þrjú ár. Hafi samningsaðili ekki tilkynnt gagnaðila með skriflegum og sannanlegum hætti fyrir 30. apríl 2027, að samningurinn skuli falla niður þann 1. nóvember 2027, skal samningurinn eftir það framlengjast sjálfkrafa til þriggja ára til viðbótar með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Uppsögn miðast við næstu mánaðarmót.

15.2. Telji samningsaðili, að forsendur rekstrarsamningsins hafi breyst verulega, m.a. vegna nýrrar lagasetningar, álagningar skatta eða gjalda samkvæmt nýrri túlkun skattayfirvalda, eða mikilla verðbreytinga á einstökum liðum getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstökum ákvæðum rekstrarsamningsins á samningstímabilinu. Náist ekki samkomulag um endurskoðun er rekstraraðila heimilt að segja rekstrarsamningnum upp með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

16. gr. Almenn atriði

16.1. Almennur fyrirvari gildir um rekstrarsamning þennan komi til þess að úrskurður/dómur þar til bærri stjórnvalda, dómstóla eða annarra lögbærra yfirvalda, sem hafa til umfjöllunar ágreiningsmál sem snertir beinlínis þá starfsemi sem heyrir undir rekstrarsamning þennan, fela í sér niðurstöður sem hefur efnisleg áhrif á rekstrarsamninginn eða leiðir til þess að annar hvor aðili hans getur ekki eða er meinað að framkvæma samningsskyldu samkvæmt samningnum. Kópavogsbær áskilur sér engu að síður rétt til að skjóta úrskurðum stjórnvalda eða annarra lögbærra yfirvalda til dómstóla.

16.2. Komi til þess að framangreindar aðstæður séu fyrir hendi, skulu aðilar leitast við að gera viðeigandi breytingar á efnisákvæðum rekstrarsamnings þessa til samræmis við niðurstöður slíkra úrskurða eða dóma. Sama gildir um breytingar á lögum sem fela í sér breytingar starfsemi á sveitarfélaga á lögbundnum skyldum þeirra varðandi þá málaflokka, þjónustupætti eða málefni sem samningur þessi tekur til.

17. gr. Breytingar og framsal

17.1. Breytingar á rekstrarsamningi þessum skulu einungis gerðar með skriflegum viðbótarsamningi milli aðila.

17.2. Rekstraraðila er óheimilt að framselja rekstrarsamning þennan nema að fengnu skriflegu samþykki Kópavogsbæjar. Þetta gildir þó ekki ef um framsal er að ræða til félags sem er að öllu leyti í eigu rekstraraðila eða sömu samstæðu og lýtur alfarið stjórn hans.

18 gr. Annað

18.1. Samningsaðilar skulu við framkvæmd rekstrarsamnings þessa tilgreina tengiliði sem beina ber skriflegum tilkynningum, sem kveðið er á um í samningnum. Samningsaðilar skulu jafnframt tilkynna um nýja tengiliði þegar við á.

18.2. Rekstrarsamningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki Velferðarsviðs Kópavogsbæjar, bæjarráðs og stjórnar Sjómannadagsráðs/Hrafnistu.

18.3. Rekstrarsamningur þessi er á sex tölusettum blaðsíðum en við bætast fylgiskjöl samningsins, sem eru þrjú að tölu. Rekstrarsamningur þessi er gerður í tveimur eintökum, einu handa hvorum aðila

Öllu framangreindu til staðfestu rita fyrirvarsmenn aðila undir rekstrarsamning þennan í viðurvist vitundarvotta.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru eftirfarandi:

Fylgiskjal nr. 1

Skilgreining á stærðum einstakra hluta þjónustumiðstöðvar og tilgreining þeirra hluta miðstöðvarinnar sem rekstraraðili mun annast.

Fylgiskjal nr. 2

Samningur um yfirfærslu starfsfólks.

Fylgiskjal nr. 3

Búnaðarlisti (Kópavogsbær gerir þennan lista)

Fylgiskjal nr. 4

Matarkort Kópavogsbæjar.

Kópavogur xx.xx 2024

f.h.Kópavogsbæjar

f.h. Sjómannadagsráðs - DAS

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

Aríel Pétursson
Stjórnarformaður SDR

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum:

Nafn

kt.


Nafn

kt.


Fylgiskjal nr. 1. Skilgreining á stærðum einstakra hluta þjónustumiðstöðvar og tilgreining þeirra hluta miðstöðvarinnar sem rekstraraðili mun hafa yfirráð.

Hrafnista hefur í sinni umsjá allt húsnæði að Boðapingi 9 að undanskyldu rými sem afmarkast af appelsínugulu línunni á teikningu 1, og herbergi merkt 002 (fótaaðgerðarfræðingur) auk herbergis 126 á 1. hæð (hárgreiðslustofa).


Teikning af húsnæðinu



Teikning 2: 1. hæð



Teikning 3: 2 hæð.



Fylgiskjal 2. Samningur um yfirfærslu starfsfólks.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti á fyrirtækjum munu eftirfarandi starfsmenn flytjast yfir til rekstraraðila:

Starfsmenn í fullu starfi:

Sabina Auma Odhiambo, kt. 020590-4919

Sigurborg Berglind Bragadóttir, kt. 151262-7169

Starfsmenn skv. tímavinnufyrirkomulagi:

Soffía Rögnvaldsdóttir, kt. 140447-3669

Sigríður Hlíðdal Magnúsdóttir, kt. 191046-6689

Kópavogsbær greiðir rekstraraðila fjárhæð sem nemur orlofsskuldbindingu þessara starfsmanna ásamt launatengdum gjöldum eins hún er þann 31. október 2024 að teknu tilliti til áætlaðrar kjarasamningsbundinnar hækkunar launa þann 1. apríl 2025 skv. kjarasamningum Eflingar. Þessi greiðsla skal innt af hendi 1. maí 2025.

Komi til langvarandi veikinda (lengri en tveir mánuðir) yfirtekinna starfsmanna fyrir 1. nóvember 2026 þá mun Kópavogsbær taka þátt í þeim kostnaði.

Fylgiskjal 4. Matarkort Kópavogsbæjar.

Útgefin matarkort Kópavogsbæjar verða tekin gild í Boðanum til 31.12.2024. Þangað til mun Kópavogsbær greiða Hrafnistu fullt verð á matarskammti eins og hann er á hverjum tíma (nú 1.253) auk viðbótargjalds skv. 1 mgr. b lið 7.4 gr. (nú 500,- kr) sem greitt er mánaðarlega skv. 7.4.